

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um radiókerfi og fjarskiptakerfi.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hvernig telur ráðherra að bregðast skuli við truflunum í almennum radiókerfum hér á landi sem hafa færst í vöxt undanfarið og þeim öryggisbresti sem þessu fylgir?
2. Hvernig sér ráðherra fyrir sér þróun nettenginga og fjarskiptakerfa hér á landi í framtíðinni, m.a. með tilliti til tækni á borð við nettengingar um gervihnetti, og hver eru viðhorf ráðherra til eignarhalds á slíkum kerfum með tilliti til fjarskiptaöryggis?